

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

26. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2016, mánudaginn 11. apríl. kl.13:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Valgeir Scott, Salvar Baldursson, varamaður Halldóru Pétursdóttur sem boðaði forföll, Hulda Gunnarsdóttir, varamaður Guðbjargar Bergmundsdóttur sem boðaði forföll og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. 5. Fundargerð umhverfis og samgöngunefndar frá 5. apríl
2. Ísland ljóstengt – umsókn Súðavíkurhrepps í Fjarskiptasjóð.
Fyrirhuguð ljósleiðaralagning í Súðavíkurhreppi sumarið 2016.
3. Ósk um að hefja viðræður um samtarf á sviði orkuframleiðslu – Arctic Hydro.
4. Samningur um nýtingu vatnsafls til raforkuframleiðslu - Vesturverk
5. Samráðsvettvangur sveitarfélaga við Ísafjarðardjúp um uppbyggingu íþróttamannvirkja – Boð á kynningarfund á vegum HSV
6. Boð á 61. Fjórðungsping Vestfirðinga þann 4. maí 2016.
7. Fundargerð 836 og 837 Sambands Íslenskra Sveitarfélaga
8. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 21. mars.

1.

1. Tímasett áætlun um úrbætur vegna frávíka – Eftirlitsskýrsla Umhverfisstofnunar. Staðfest.
2. Viðhald á flotbryggju við Miðgarð. Hafnarstjóri gerir grein fyrir gangi mála á viðhaldi og viðgerðum á flotbryggju Miðgarðs. Verkinu miðar vel og gert ráð fyrir að flotbryggjan verði sjósett 15. apríl.

Staðfest.

3. Viðhald á Súðavíkurhöfn sumarið 2016.

Viðahaldsverkefni sumarsins verða eftirfarandi:

- Allir kantar verða málaðir og norður og suðurgarði í sumar.
- Löndunarkrani verður málaður.
- Vigtarskúr verður viðarvarin.
- Vatnskranir verður settur upp á Miðgarði.
- Nýr rafmagnskassi, með sér tenglum, verður settur upp á flotbryggju Suðurgarðs.

Staðfest.

4. Samningur milli Loftmynda og Súðavíkurhrepps.

Staðfest.

5. Grassláttur í Súðavík sumarið 2016.

Staðfest.

6. Vísað til annars liðar á málaskrá.

7. Yordan vekur athygli á að vegkantur, meðfram aðalvegi, sem liggur í gegnum þorpið, þarfnist lagfæringar. Sveitarstjóra falið að kanna málið í samvinnu við Vegagerðina.

2. Ísland ljóstengt – umsókn Súðavíkurhrepps í Fjarskiptasjóð. Fyrirhuguð ljósleiðaralagning í Súðavíkurhreppi sumarið 2016.

Nú liggur fyrir að umsókn B, umsókn sem var til þrautarvara, hefur verið samþykkt af Fjarskiptasjóði. Í þeirri umsókn var gert ráð fyrir kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins upp á 6.3 milljónir.

Ekki er gert ráð fyrir kostnaðinum í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016, enda var það fyrst ljóst í janúar að sveitarfélögum var stillt upp í verkefnið Ísland ljóstengt með kostnaðarþátttöku, sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi verkefnisins.

Sveitarstjórn ítrekar að fyrst að umsókn B var samþykkt sé afar mikilvægt að finna lausn á ljósleiðaralagningu inn Mjóafjörð, út í Vigur og Álftafjörð, þar sem heilsársbúseta er í

botni fjarðarins og á Svarthami, enda miklir hagsmunir í húfi fyrir sveitarfélagið að þar komist á ljósleiðarasamband sem allra fyrst.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að boða til fundar um málið, nú þegar ljóst er að umsókn B hefur verið samþykkt, þar sem öllum hagsmunaaðilum verður boðið.

Sveitarstjórn tekur undir með Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga og harmar þann stutta fyrirvara á umsóknarfresti sem sveitarfélögum var gefin til að koma saman umsókn og senda inn í Fjarskiptasjóð.

En fremur ályktar sveitarstjórn Súðavíkurhrepps:

Stuttur fyrirvari umsóknarfrests leiðir einungis til þess að vinnubrögð versna í verkefninu.

Sá viðsnúningur sem varð á verkefninu Ísland ljóstengt í janúar þegar að sveitarfélögum var stillt upp í kostnaðarþátttöku í verkefninu, hefur dregið úr þeim jákvæða og framsýna krafti sem stjórnvöld sýndu í upphafi verkefnisins. Með því að láta sveitarfélög sækja í pott, og etja þeim þannig saman, með takmörkuðum fjármunum til útdeilingar, er verið að velta kostnaði við ljósleiðaravæðingu Íslands yfir á sveitarfélögin.

Augljóst er að sveitarfélög í Íslandi hafa mörg hver ekkert bolmagn til að klára það sem uppá vantar af fyrirheitum ríkisins og því strax komin augljós mismunur í jafn brýnt verkefni og ljósleiðaralagning er.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps telur afar brýnt að Súðavíkurhreppur verði ljósleiðaravæddur, það sé ein af megin forsendum þess að hér styrkist og eflist byggðarþróun.

Sveitarstjórn samþykkir að framlag Súðavíkurhrepps verði 6. 3 milljónir, með vísan í samþykta umsókn sveitarfélagsins í Fjarskiptasjóð.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 og bera undir sveitarstjórn á næsta fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps skorar á stjórnvöld að koma með viðbótarfjármagn í verkefnið Ísland ljóstengt svo hægt verður að klára alla staði, hvort sem þeir standa þétt saman eða byggja dreift og tryggja þannig jafnræði á milli ólíkra búsetu - og atvinnuskilyrða.

3. Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið.

Sveitarstjórn telur brýnt að kláruð verði nauðsynleg landmerkja- og skráningarvinna á þeim svæðum sem um ræðir, áður en lengra er haldið.

Erindinu vísað til skipulags og byggingarnefndar og umhverfis og samgöngunefndar.

Einnig verður óskað eftir áliti atvinnunefndar.

4. Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið.

Sveitarstjórn telur brýnt að kláruð verði nauðsynleg landmerkja- og skráningarvinna á þeim svæðum sem um ræðir, áður en lengra er haldið.

Erindinu vísað til skipulags og byggingarnefndar og umhverfis og samgöngunefndar.

Einnig verður óskað eftir álitum atvinnunefndar Súðavíkurbrepps.

5. Sveitarstjórn tekur vel í erindið. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sækja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.
6. Fulltrúar sveitarfélagsins á Fjórðungsþingi Vestfirðinga verða Pétur. Markan og Anna Lind Ragnarsdóttir. Sveitarstjóra falið að útbúa kjörbréf sveitarfélagsins.
7. Lagt fram til kynningar
8. Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:32

**Anna Lind Ragnarsdóttir
oddviti**

Valgeir Scott

Hulda Gunnarsdóttir

Salvar Baldursson

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

